Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Reykjavík, 23. nóvember 2026
MSS26110045

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar um áhættumat á tekjuforsendum fjárhagsáætlunar 2027

Á fundi borgarráðs þann 12. nóvember 2026 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar um áhættumat á tekjuforsendum fjárhagsáætlunar 2026:

> *Fyrirspurn um áhættumat á tekjuforsendum fjárhagsáætlunar 2027*
>
> *1. Hvaða áhættumat og næmni- eða sviðsmyndagreiningar hafa verið unnar vegna tekjuforsendna fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar fyrir árið 2027?*
>
> *2. Hvaða tölulegu forsendur og áætlanir liggja til grundvallar áætluðum útsvarstekjum, fasteignasköttum, gatnagerðargjöldum og tekjum af sölu byggingarréttar? Hvernig hefur óvissa og möguleg frávik frá þessum forsendum verið metin?*
>
> *3. Hafa áhrif mögulegra tekjufrávika á rekstrarniðurstöðu, handbært fé og lántökuþörf borgarinnar verið metin? Ef svo er, með hvaða hætti og hverjar eru niðurstöðurnar?*
>
> *4. Hafi sérstakt áhættumat ekki verið unnið, hvernig var þá tekið tillit til óvissu í tekjuáætlun við gerð fjárhagsáætlunarinnar?*
>
> *5. Hefur nýtt erindisbréf verið gefið út fyrir áhættunefnd Reykjavíkurborgar og nefndin endurskipuð? Kom nefndin að áhættumati vegna fjárhagsáætlunar 2027?*
>
> *Óskað er eftir að fyrirliggjandi greiningar og minnisblöð sem tengjast framangreindu verði lögð fram með svörunum.*

Svar:

1. Fyrir útsvar og fasteignagjöld liggja fyrir tölfræðispár með öryggisbilum sem gefa mynd af líkum á frávikum frá líklegustu framvindu. Jafnframt hefur verið unnin næmnigreining þar sem metin eru áhrif breytinga á helstu tekju- og gjaldliði á rekstrarniðurstöðu ársins 2027 sbr. 5. kafla greinargerðar fjármála- og áhættustýringarsviðs með fjárhagsáætlun 2027–2031.

Reykjavík

2. **Útsvar**
   Útsvarstekjum er spáð með tveimur spálíkönum. Þau eru eins að öllu leyti nema hvað varðar heimild sögulegra útsvarstekna þar sem annað líkanið byggir á gögnum borgarinnar en hitt á gögnum Hagstofu Íslands. Ytri skýribreytur eru launavísitala og fjöldi gjaldenda samkvæmt Hagstofu Íslands. Bæði líkönin gefa tölfræðileg öryggisbil. Eitt ár fram í tímann nemur spönn 50% vikmarka 4,8 ma.kr. og spönn 90% vikmarka 11,9 ma.kr. Það jafngildir 1,6% og 4,2% fráviki í hvora átt.

   Auk þess er spáð fyrir um sjö undirflokka útsvarsstofnsins á grundvelli gagna Hagstofunnar, m.a. launatekjur og atvinnuleysisbætur, til að fylgjast með heilbrigði skattstofnsins. Óvissan tengist einkum launaþróun, atvinnustigi og þá vinnumagni auk íbúafjölgunar. Upplýsingar um staðgreiðslu liggja fyrir með allt að tveggja mánaða töf.

   Fasteignaskattar
   Álagning fasteignagjalda tekur mið af fasteignamati húss og lóðar. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) endurmetur skráð matsverð allra fasteigna 31. maí ár hvert og ber ekki síðar en í júnímánuði ár hvert að gera hverju sveitarfélagi og eiganda grein fyrir niðurstöðum endurmatsins. Byggir álagning fasteignagjalda og áætlun Reykjavíkurborgar á komandi ári um tekjur af fasteignaskatti á niðurstöðum endurmatsins.
   Spálíkan fjármála- og áhættustýringarsviðs fyrir fasteignagjöld spáir fyrir um frávik frá heildarfasteignamati skattstofnsins á grundvelli sögulegra frávika. Líkanið gefur öryggisbil með sama hætti og útsvarsspáin.

   Gatnagerðargjöld og sala byggingarréttar
   Áætlanir byggja á mati umhverfis- og skipulagssviðs á fyrirliggjandi verkefnum. Töluverð óvissa fylgir framvindu verkefnanna og tímasetningu tekna og innborgana, enda hafa markaðsaðstæður og framvinda uppbyggingar áhrif á fjárhæðir og tímasetningu. Frávik geta því orðið umtalsverð. Það sýnir útkomuspá ársins 2026, þar sem þessir liðir eru samanlagt metnir 6,4 ma.kr. undir áætlun.

3. Áhrif á rekstrarniðurstöðu hafa verið metin með næmnigreiningu á beinum áhrifum valinna breytinga frá forsendum áætlunar 2027. Samkvæmt henni gæti rekstrarniðurstaða skv. uppfærðum forsendum, orðið tæplega 4 ma.kr. lakari en áætlað er og farið úr 1,3 ma.kr. afgangi í 2,6 ma.kr. halla. Forsendurnar eru oft innbyrðis háðar og frávik leggjast oft á sömu sveif. Við mótdræg efnahagsskilyrði lækka tekjur jafnan um leið og útgjöld hækka. Fyrir nánari umfjöllun er vísað í 5. kafla greinargerðar fjármála- og áhættustýringarsviðs með fjárhagsáætlun 2027–2031.

4. Lagt hefur verið mat á óvissu í tekjuáætlun, sbr. svör við 1.–3. lið. Til að mæta mögulegum frávikum er í fjárhagsáætlun 2027 í fyrsta sinn gert ráð fyrir

sérstökum varasjóði í rekstri vegna breytinga á ytri forsendum og nemur hann 2 ma.kr.

Til viðbótar er fyrirhugað að setja á fót annan bundinn varúðarsjóð sem einungis verður heimilt að nýta komi til áfalla. Stærð hans verður ákvörðuð með greiningu á áhættusviðsmyndum. Þar verður ávinningur af því að binda fé í sjóðnum veginn á móti kostnaði við að halda því. Markmiðið er að borgin geti mætt hverri og einni þeirra sviðsmynda sem greindar verða.

Gert er ráð fyrir að áætluninni verði fylgt eftir með reglubundnum útkomuspám, sviðsmyndagreiningum og álagsprófum þar sem metin eru áhrif breytinga á helstu forsendur á rekstur, sjóðstreymi og efnahag borgarinnar. Þar verður einnig metið svigrúm gagnvart viðmiðum fjármálastefnunnar.

Viðbrögð ráðast af eðli og umfangi frávika. Þau geta falist í nýtingu óúthlutaðs svigrúms, nýrrar forgangsröðunar útgjalda og aðlögun fjármögnunar og framkvæmda. Viðvarandi frávik kalla á endurmat tekjuforsendna og útgjaldaramma og á aðgerðir sem bæta afkomu til frambúðar.

5. Ný áhættunefnd hefur ekki verið skipuð og kom því sem slík ekki að yfirferð á áhættumati vegna fjárhagsáætlunar 2027. Þess ber að geta að áhættunefnd skv. erindisbréfi 2024 var skipuð borgarstjóra, formanni borgarráðs, borgarritara og sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs, sem hafa allir fengið yfirferð kynningu á ofangreindum greiningum.

Ekki liggja fyrir sérstök minnisblöð um þær greiningar vísað er til að öðru leiti en því sem lagt er fram með gögnum fjárhagsáætlunar

Virðingarfyllst,

Halldóra Káradóttir
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Reykjavík